

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2017****2019/EES/11/03****frá 5. maí 2017****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1840 frá 14. október 2016 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2009/156/EB að því er varðar prófun til greiningar afríkuhrossapestar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/9 frá 4. janúar 2017 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofur í Marokkó og Taívan til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundæði í hundum, köttum og frettum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 3. lið (tilskipun ráðsins 2009/156/EB) í hluta 4.1:

„eins og henni var breytt með:

- **32016 D 1840:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1840 frá 14. október 2016 (Stjútíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 33).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun ráðsins 2009/156/EB) í hluta 8.1:

„– **32016 D 1840:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1840 frá 14. október 2016 (Stjútíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 33).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 102. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1235) í hluta 4.2:

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 33.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 3, 6.1.2017, bls. 32.

„103. **32017 D 0009**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/9 frá 4. janúar 2017 um tiltekna rannsóknarstofur í Marokkó og Taívan til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluafna við hundaeði í hundum, köttum og frettum (Stjtið. ESB L 3, 6.1.2017, bls. 32).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2016/1840 og (ESB) nr. 2017/9, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. maí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. maí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna